

30. júní 2020

## VEÐHAFASAMKOMULAG

milli

**Reginn hf.,**

**Eignarhaldsfélag Smáralind ehf.**

**Íslög ehf.**

og

**Umboðsmanna kröfuhafa**

*(samkvæmt skilgreiningu í samkomulagi þessu)*

---

70.000.000.000 KR. ÚTGÁFURAMMI REGINN HF.  
SÉRTÆKT TRYGGINGAFYRIRKOMULAG

---



## EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR.....	1
2. SKILGREININGAR.....	1
3. VEÐTRYGGING.....	3
4. AÐILD VEÐHAFA.....	4
5. FORGANGSRÉTTUR.....	4
6. HREYFINGAR Á VEÐUM.....	4
7. RÉTTUR ÚTGEFANDA TIL ÞESS AÐ FÆRA SKULDBINDINGAR UNDIR ALMENNA TRYGGINGAFYRIRKOMULAGIÐ.....	5
8. SKÝRSLA UM FJÁRHAGSLEGAR KVAÐIR.....	6
9. STAÐA OG HÆFI VEÐGÆSLUADILA.....	6
10. HLUTVERK OG SKYLDUR VEÐGÆSLUADILA.....	7
11. BREYTINGAR Á VEÐGÆSLUADILA.....	8
12. BOÐUN VEÐHAFAFUNDA.....	9
13. TILHÖGUN OG LÖGMÆTI VEÐHAFAFUNDA.....	9
14. EFNI ÁKVARÐANA VEÐHAFAFUNDAR.....	10
15. ATKVÆÐISRÉTTUR Á VEÐHAFAFUNDI.....	10
16. ÁKVARÐANATAKA Á VEÐHAFAFUNDI.....	11
17. SKIPAN SAMNINGANEFNDAR OG ÚRRÆÐI VEÐHAFA.....	11
18. FULLNUSTA VEÐTRYGGINGA.....	12
19. SKAÐABÓTAÁBYRGÐ.....	12
20. TRÚNAÐUR.....	13
21. BREYTINGAR OG TILKYNNINGAR.....	13
22. ÞÓKNUN VEÐGÆSLUADILA.....	14
23. LÖG OG VARNARÞING.....	14
24. GILDISTÍMI.....	14
25. ANNAD.....	14
<b>VIÐAUKI I.....</b>	<b>17</b>
<b>VIÐAUKI II.....</b>	<b>18</b>
<b>VIÐAUKI III.....</b>	<b>20</b>
<b>VIÐAUKI IV.....</b>	<b>21</b>
<b>VIÐAUKI V.....</b>	<b>23</b>

Se 11

**Veðhafasamkomulag þetta er gert þann 30. júní 2020 („samkomulagið“) og er á milli:**

- 1) Reginn hf., kt. 630109-1080, Hagasmára 1, 201 Kópavogur („útgefandi“);
- 2) Eignarhaldsfélag Smáralind ehf., kt. 550496-2329, Hagasmára 1, 201 Kópavogi „veðsali“);
- 3) Íslög ehf., kt. 690312-1150, Ránargötu 18, 101 Reykjavík („veðgæsluaðili“); og
- 4) umboðsmans kröfuhafa, fyrir hönd veðhafa.

## **1. INNGANGUR**

- 1.1. Samkomulag þetta er gert í tengslum við útgáfu fjármögnunarskjala undir allt að 70.000.000.000 kr. útgáfuramma, sbr. grunnlýsinguna.
- 1.2. Til að veita öllum kröfuhöfum sem eiga kröfur tryggðar undir sértæka trygginga-fyrirkomulaginu sömu veðtryggingar fyrir kröfum sínum, er samkomulag þetta gert, þar sem tryggður er jafn réttur kröfuhafa að veðtryggingum sem útgefandi og veðsalar kunna að veita hverju sinni.
- 1.3. Útgefandi hefur heimild til að breyta veðtryggingum og bæta við skuldbindingum sem veðum er ætlað að tryggja, að því gefnu að ákveðin skilyrði séu uppfyllt, svo sem nánar er lýst í samkomulagi þessu. Útgefanda er jafnframt einhliða heimilt að færa kröfur samkvæmt skuldabréfaflokknum undir almenna trygginga-fyrirkomulagið eins og nánar greinir í samningi þessum. Óháðir aðilar, veðgæsluaðili og staðfestingaraðili, eru skipaðir til að fylgjast með því að allar breytingar sem gerðar eru séu í samræmi við ákvæði samkomulags þessa, ásamt því að gæta jafnt að hagsmunum allra veðhafa.
- 1.4. Með samningi þessum er skipaður veðgæsluaðili fyrir sértæka trygginga-fyrirkomulagið. Veðgæsluaðili undirgengst að gegna þeim hlutverkum og þeim skyldum sem honum eru faldar í samkomulagi þessu og sem jafnframt leiða af skilmálum fjármögnunarskjala og koma fram í grunnlýsingunni.
- 1.5. Veðgæsluaðili er í upphafi skipaður af útgefanda. Starfsskyldur veðgæsluaðila eru þó alfarið gagnvart veðhöfum og hefur útgefandi ekkert boðvald yfir veðgæsluaðila og er óheimilt að hafa áhrif á störf hans eða skipun, nema að svo miklu leyti sem sérstaklega er kveðið á um slíkt í samkomulagi þessu.
- 1.6. Útgefandi, veðsalar og veðhafar veita hér með veðgæsluaðila fullt umboð til að sinna þeim skyldum sem honum eru faldar með samkomulagi þessu.

## **2. SKILGREININGAR**

Í þessu samkomulagi skulu eftirfarandi hugtök hafa eftirfarandi merkingu:

„**Aðildaryfirlýsing**“ merkir yfirlýsingu um aðild nýs veðgæsluaðila, umboðsmanns kröfuhafa og veðsala að samkomulagi þessu, eftir því sem við á, sbr. viðauka II til IV við samkomulag þetta.